



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Minnisblað vegna efnisleitar í Víðidal og Möðrudal

Halldór G. Pétursson

Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafnarstræti 97, 600 Akureyri

- Unnið fyrir Vegagerðina á Akureyri

Undirritaður hefur skoðað tvær loftmyndasýrpur fyrir Vegagerðina á Akureyri með tilliti til efnistökumöguleika. Annars vegar er um að ræða fluglínusíður frá norðri til suðurs langað eftir þjóðvegi 1 um Víðidal, frá Biskupshálsi og suður fyrir Vegaskarð. Hins vegar er um að ræða fluglínusíður vestri til austurs langað eftir þjóðvegi 1 um Möðrudal, frá Vegaskarði og austur á Langadal. Gunnar Jóhannesson hjá Vegagerðinni á Akureyri hafði kannað efnisgerð á nokkrum stöðum meðfram veglínunum þ. 15.11. sl. og var minnisblað hans um holugröftinn haft til hliðsjónar.

Loftmyndir voru skoðaðar í þríviddarsjá (stereoscope) og áhugaverð landform og önnur atriði merkt inn á glærur sem lagðar voru yfir myndirnar. Þrí litir voru notaðir á glærurnar:

Blár litur: Ýmiss konar landform eins og hjallar og hólar sem talin eru innihalda sand og/eða möl, að uppruna ýmis konar jökulárset eða árset.

Grænn litur: Ýmiss konar landform sem talin eru innihalda jökulruðning.

Svartur litur: Berg og annað, svo sem staðsetning á könnunarholum og vegir.

Víðidalur-Vegaskarð

Meðfram veglínunni um Víðidal virðist í fyrstu lítið að hafa annað en jökulruðning, en rétt er þó að hafa í huga að norðarlega á þessu svæði, í nágrenni Biskupsháls gætu leynst grágrýtishraunlög sem sprengja mætti í burðarlag. Hvað snertir fyllingarefnisnámur virðist vænlegast að staðsetja þær sem næst veglínunni og þá eru mest spennandi hólarnir eða holtin í dalbotninum. Á tveimur stöðum (nýrst á mynd 2880 og 2882) hafa grafist farvegir í fjallhlíðina og má þar sjá innri gerð jarðlaganna. Viðbúið er að þarna finnist eingöngu jökulruðningur, en sjálfsagt er að skoða í skorningana til að ganga úr skugga um málið. Rétt er að geta þess að námuvinnsla á báðum þessum stöðum yrði mjög áberandi.

Það er ekki fyrr en komið er suður undir Vegaskarð að önnur laus jarðög en jökulruðningur og foksandur fara að sjást. Smá hjalli eða hóll er neðan við veginn í beygjunni við Víðidalsá á mynd 2884, en þar voru tvær könnunarholur grafnar (A:ST 9+180, A:ST 9+300). Í þeim báðum var sandur með stöku smásteinum, en holurnar voru báðar 1,5 m djúpar. Er viðbúið að sandurinn sé eitthvað dýpri og þarna sé um nokkurt efnismagn að ræða. Sýni 18 var tekið úr sandinum og ætti það að gefa til kynna hvort þetta efni er nothæft í t.d. neðra burðarlag. Rétt er að hafa í huga að samskonar og stærri myndanir finnast rétt sunnan við, en þessi staður liggur sennilega

best við vinnslu miðað við veglínuna. Hér næst sunnan við eru tveir smáhólar úr samskonar efni og hinum megin við Viðidalsá er stór hjalli sennilega úr svipuðu efni (syðst á mynd 2884). Hann er þykkari, en hefur ekki verið kannaður enn þá.

Við Vegaskarð voru grafnar nokkrar könnunarholur. Hola C:ST 11+440 (mynd 2886) er neðan við núverandi veg og verður ekki betur séð á loftmyndun en hún sé í rótum móbergsfjalls. Miðað við holulýsingar finnst mér líklegt að þarna hafi verið grafið í gegnum foksand og klórað í toppinn á móberginu.

Holur B:ST 11+580, B:ST 11+700 og B:ST+11 780 (mynd 2886) eru allar á hjalla við veginn rétt hjá Vegaskarði og ofan við þurr Gil. Miðað við holulýsingar er í þeim öllum misgróf möl undir foklagi. Þykkt er a.m.k. 3,5 m, gæti verið meiri en rétt er að hafa í huga að myndunin er hjalli utan í móbergsfjalli og berggrunnurinn gæti skotið upp kryppunni. Magn er þarna þó nokkurt, gróft áætlað af stærðargráðunni 50.000 m³. Sýni 12, 13, 14, 15 og 16 voru tekin úr þessu lagi og skv. lýsingum ætti efnið að vera nothæft sem neðra burðarlag, en varla sem efra burðarlag.

Holur A:ST 11+380, A:ST 11+600 og A:ST 11+690 eru allar á hjalla vestan við þurra gilið neðan við Vegaskarð (mynd 2886). Í þeim er sandur, nema í þeirri syðstu, sem í var möl (A:ST 11+690). Í þeirri holu voru einnig einhvers konar ljósir köggclar, sennilega leir, undir mölinni. Allar þessar holur eru tæplega 3,5 m djúpar og allar eru þær í jaðrinum á mjög stórru myndun sem rekja má héðan og a.m.k. 1,5 km til vesturs. Virðist þetta vera einhvers konar bunki af jökulárseti, myndaður á þeim tíma er jöklar hopuðu af svæðinu, en lægðir (jökulker) og hólar sem gjarnan myndast þar sem jökulís grefst undir seti sjást víða. Annars má fá góða hugmynd um gerð þessarar myndunar með því að skoða opnur í hana, þar sem Viðidalsá hefur legið utan í henni og rofið. Sennilega hefur þessi bunki og aðrar sand/malarmyndanir í Viðidal myndast þegar jökkull gekk fram í ísaldarlokin og lá utan í Viðalsfjöllum. Hugsanlega hefur þá runnið vatn í gegnum Vegaskarð og því sennilega helst að leita að grófari kornastærðum í hjallabruninni næst skarðinu. Æskilegt er því að bæta við könnunarholum þar og einnig lengra inn á hjallanum, en einhvern veginn hef ég frekar grun um að hann sé að mestu gerður úr sandi. Enn þá lengra (1,5-2 km) til vesturs (syðst á mynd 2886) eru lægri hjallar eða áreyrar. Þar er komið í jaðarinn á svæði því sem nefnist Grjót, en vel má vera að þar leynist nothæft efni.

Mikil skering er fyrirhuguð í sjálfu Vegaskarði. Er viðbúið að hún verði í túffkenndu móbergi og er sennilega grjóthörð 10-30 m þykk kápa utan á fjallinu. Kjarninn í fjallinu er glerkennd gjóska og kornin líklega af sandstærð. Í fljótu bragði virðast því ekki mikil líkindi á því að finna laust efni sem nota má í efra burðarlag í Viðidal. Rétt er því að hafa í huga að grágrýtishraun virðast vera nyrst í dalnum og einnig er rétt að kanna hvort kubbaberg leynist einhvers staðar í móbergsfjöllunum.

Möðrudalur-Langidalur

Meðfram þessari veglínu voru grafnar nokkrar holur, en töluvert set virðist vera meðfram Skarðsá í hjöllum og pöllum við ána. Virðist að þar sé á ferðinni einhvers konar jökkullónaset frekar en jökuláraur, en það atriði þarf að kanna betur. Hærra í landinu, umhverfis núverandi veglínus, virðist vera um jökulruðning að ræða, alla vega ef dæmt er út frá loftmyndum.

Holur A:ST 13+750, A:ST 13+900 og A:ST 14+000 eru allar grafar í hjöllum við Skarðsá (mynd 2894). Í þeim öllum er tiltölulega fínt efni, frá fínni möl yfir leirblandaðan sand. Nokkuð erfitt er að átta sig á gerð myndunar út frá fyrirliggjandi gögnum, en helst virðist sem hér sé á ferðinni einhvers konar lónaset eða setfylla, þar sem setgerðin hefur þróast með tímanum og upp á við frá fínni kornastærðum yfir í grófari. Þarf því að skoða sethjallana inn með Skarðsá frekar, en góðar opnur virðast í þá meðfram ánni. Til austurs fjarlægist fyrirhuguð veglína ána og sethjallana sem virðast liggja meðfram henni inn eftir öllu. Við vegamótin að Möðrudal eru einnig sethaugar eða hrúgöld sem í gæti leynst sandur eða möl (sjá mynd 2894). Þá þarf að kanna frekar, en í hauginn vestan við vegamótin mun hafa verið nokkur efnistaka.

Holur A:ST 14+670 og A:ST 14+960 eru uppi á holtinu ofan við Skarðsá og núverandi veg (mynd 2894). Á loftmyndum sjást þar engin greinileg landform og dæmt út frá þeim virðist hér vera um jökulruðning að ræða. Samkvæmt holulýsingum er hér aftur á móti að finna grófan sand með völdum. Í ljósi þessa er full ástæða til að kanna þetta svæði betur og áfram til austur meðfram fyrirhugaðri veglínu og komast að því hvað leynist undir melunum. Því eins og áður segir virðist hér lítið að hafa annað en jökulruðning til austurs (mynd 2896).

Við Svartfell er gömul gryfja (mynd 2898), en hér er mjög áberandi rauður litur á móberginu í fjöllunum, sem annað hvort stafar af ummyndun (leir) eða gjalli. Hugsanlega er ástæða til að íhuga efnistökumöguleika hér. Í Langadal (mynd 2900) eru ekki margir efnistökumöguleikar aðrir, en aurkeila sem veglínan sker á einum stað, en viðbúið er að efni úr henni sé einungis nothæft í fyllingar. Aftur á móti virðast e.t.v. malarhaugar innst í Þverdal, um 2 km frá veginum, en erfitt er átta sig á þessu vegna þess að svæðið lendir í jaðrinum á loftmyndinni. Lengra til austurs (mynd 2901) meðfram Langadalsá eru greinilega malarhjallar, sem virðast vænlegir til efnistöku. Þeir eru þó uplundir 1-1,5 km frá veginum og yfir Langadalsá að fara. Mögulega leynist þarna svipað efni og notað hefur verið við nýbygginguna á veginum austar við Langadalsá.

06.12.00/HGP